

Mál nr. 163/2010

Sigbór Hákonarson

og

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. v/ ábyrgðartryggingar í Fjölskylduvernd 3.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á listmun í verslun þann 5.2.2010.

Gögn.

1. Málskot, mótttekið 28.5.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Sjóvá-Almennra trygginga hf., dags. 8.6.2010, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt því er kemur fram í málskoti var eiginkona málskotsaðila (hér eftir nefndur M) að skoða listmun (stytta) í versluninni Gallery Thors í Hafnarfirði. Rak hún þá gripinn í og braut hann. Gripurinn var í eigu listamannsins og hefur hann krafist bóta úr hendi eiginkonu M.

M hefur krafist þess að tjónið verði bætt úr ábyrgðartryggingu í Fjölskylduvernd 3 sem hann hefur keypt hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf. (hér eftir nefnt X). X hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingunni.

Álit.

Eiginkona M var stödd í verslun að skoða listgrip, er hún varð fyrir því að reka gripinn í með þeim afleiðingum að hann brotnaði. Ekki verður annað ráðið en gripurinn hafi verið til sölu í versluninni. Ekki liggur fyrir nákvæm lýsing á atvikum máls, svo sem hvernig það atvikaðist að konan rak gripinn í, í hvað hún rak gripinn eða um hvers konar grip hafi verið að ræða að öðru leyti en því að hann hafi verið stytta úr leir. Af þeim takmörkuðu gögnum sem fyrir liggja í málinu telst ósannað að tjón á umræddum listgrip verði rakið til saknæmrar háttsemi eiginkonu M. Hún hefur því ekki bakað sér skaðabótaskyldu gagnvart eiganda gripsins. Þar sem ekki hefur verið sýnt fram á skaðabótaskyldu eiginkonu M fæst tjónið ekki bætt úr ábyrgðartryggingunni hjá X.

Niðurstaða.

Tjónið bætist ekki.

Reykjavík, 29. júní 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.